

ákærða hæfilega ákveðin 5.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Matthías Garðarsson, greiði sekt til ríkissjóðs kr. 5.000.00 innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Þriðjudaginn 7. júní 1983.

Nr. 72/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Regínu Stefnisdóttur

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Bann við hundahaldi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar mað stefnu 18. febrúar 1983 að ósk ákærðu. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 16. maí sl. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms að því er sakfellingu varðar, en þyngingar refsingar.

Verjandi krefst aðallega, að refsing verði felld niður, en til vara, að sekt ákærðu verði lækkuð verulega.

Ríkissaksóknari lýsti yfir fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvísun í lög nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Enn fremur gerði hann þá breytingu á ákæruskjali, að í stað orðanna „apríl 1975“ komi „ágúst 1978“.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu atferlis ákærða til refsíákvæða, en um lagaheimildir, sem hér reynir á, var fjallað í

dómi Hæstaréttar í hæstaréttardómasafni XLVI (1975), bls. 601, er hefur fordæmisgildi. Þykir fésekt ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en í stað fésektar komi 8 daga varðhald, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur á að vera óraskaður, þó svo, að 8 daga varðhald komi í stað fésektar, ef hún verður eigi greidd inn á 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Regini Stefniðóttir, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málskvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvínssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara.

Með dómi í hæstaréttarmálinu nr. 23/1974 frá 18. júní 1975, sem prentaður er í dómasafni Hæstaréttar 1975, bls. 601, var staðfest bann við hundahaldi í Reykjavík. Alkunnugt er þar, að síðan dómurinn gekk, hefur fjöldi hunda verið í borginni, og oft má sjá hunda á almannafæri. Ákærðu í málinu er ekki gefið að sök, að hundur hennar hafi unnið mein. Með hliðjón af framangreindu og mála-vöxtum að öðru leyti tel ég ekki efni til að gera ákærðu að greiða hærri fésekt en verið hefði samkvæmt 7. gr. laga nr. 7/1953, áður en henni var breytt með 10. gr. laga nr. 75/1982, þó að teknu tilliti til almennra verðlagsbreytinga. Samkvæmt þessu tel ég refsingu ákærðu hæfilega ákveðna 2.500.00 króna sekt, sem afplánist með 4 daga varðhaldi.

Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. febrúar 1983.

Ár 1983, mánudaginn 7. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 19/1983: Ákærvaldið gegn Reginu Stefnsdóttur, sem tekið var til dóms þann 20. janúar sl.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. nóvember sl., á hendur ákærðu „fyrir að hafa frá því í apríl 1975 haldið hund í Reykjavík án þess að hafa til þess leyfi.

Telst brot hennar varða við 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7/1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75/1982 og við 2. mgr. 22. gr., sbr. 32. gr., sbr. 4. tl. ákv. til bráðabirgða laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 50/1981.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu og öðru því, sem fram er komið í málinu.

Fimmtudaginn 15. október 1981, um kl. 1054, var lögreglan í Reykjavík kvödd að Melgerði 3, en þar var búið að binda hund fastan við staur, en skömmu áður átti þessi hundur að hafa bitið 10 ára dreng í handlegginn. Var farið með hundinn í hundaskúr Reykjavíkurborgar, Lækjarbug við Blesugróf.

Þann 19. október 1981 gaf ákærða skýrslu hjá rannsóknardeild lögregluunnar í Reykjavík og skýrði hún þá þannig frá:

„Hundur sá, sem hér um ræðir, er í eigu Matthíasar Péturssonar, Hlíðarbyggð 18, Garðabæ. Matthías hefur leyfi fyrir hundinum í Garðabæ. Ég hef haft hundinn í minni vörslu síðan í ágúst 1978. Hundurinn er núna 6 ára og 9 mánaða gamall. Þetta er sleðahundur af Síberíukyni svartur að lit.

Milli klukkan 17:00 og 18:00 síðastliðinn fimmtudag þá slapp hundurinn út frá mér, og ég hef ekki séð hann síðan. Ég frétti, að hann hafði ráðist á barn og bitið það, og hef ég athugað með það, og var mér sagt, að það myndi hafa verið það lítið, að ekki tæki því að tala um það.

Ég fer fram á að fá hundinn afhentan, og lofa ég að fara með hann til Matthíasar, strax og ég hef fengið hann.

Ég veit, að hundahald er bannað í Reykjavík og vissi það, þegar ég tók hundinn að mér.“

Sama dag hafði lögreglumaður símasamband við Matthías Pétursson.

Kvað hann það rétt, að hann væri eigandi hundsins, og mundi hann taka við honum, þegar ákærða kæmi með hann.

Þriðjudaginn 23. febrúar 1982, um kl. 1125, voru lögreglumenn í eftirlitsferð á Sogavegi við Tonguveg, er þeir veittu athygli stórum svörtum hundi, sem var laus við gatnamótin. Handsömuðu þeir hundinn og færðu hann á Dýraspítalann. Hundurinn var með leðuról um hálsinn, en ómerktur.

Þann 6. maí 1982 hafði lögreglumaður samband við ákærðu og spurðist fyrir um hundinn. Kvað ákærða hundinn vera í fóstri hjá Matthíasi Pétursyni í Garðabæ.

Þann 25. júní 1982 gaf ákærða skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og skýrði þannig frá:

„Þannig er, að við eigum hundinn í raun og veru, en hann er skráður á Matthías Pétursson, Hlíðarbyggð 18 í Garðabæ. Þar er hundurinn öllu jafnan, en kemur þó af og til heim til okkar, en þá til mjög stutts tíma í senn, og svo var núna, þegar hann var tekinn, en þá slapp hann augnablik, sem varð til þess, að við misstum af honum. Mér er kunnugt um það, að hundahald er ekki leyft í Reykjavík. Þess vegna var það, að við létum skrá hann í Garðabæ, og einnig það, að hann er þar hjá Matthíasi. Við fengum hundinn sennilega í apríl 1975, en hann hefur minnst af þessum tíma verið hér í Reykjavík. Það er ekki ætlun okkar að láta hundinn frá okkur á annan veg en svona, þ. e. að Matthías annist hann, en komi með hann af og til til okkar.

Ég framvísa hér hundaleyfisgjaldskvittun nr. 173 frá Garðabæ.“

Þann 23. september sl., kl. 1746, hafði lögreglumaður samband við ákærðu og spurðist fyrir um, hverju það sætti, að hundurinn dveldi ýmist hjá Matthíasi Péturssyni eða hjá ákærðu. Kvað ákærða, að eins og þá stæði á, væri hundurinn hjá henni að Sogavegi 134, en væri öllu jafnan í Garðabæ hjá Matthíasi.

Þann 14. október sl. var ákærðu boðið að ljúka málinu með dómssátt, greiðslu sektar að fjárhæð kr. 5.000.00, en hún hafnaði því. Kvaðst ákærða kannast við, að kæruefni væri rétt, en kvað hundinn ýmist dvelja á heimili hennar eða á heimili Matthíasar Péturssonar. Kvaðst ákærða þó ekki vilja ljúka málinu á framangreindan hátt, þar sem henni þótti sektin allt of há.

Ákærða kom fyrir dóm við þingfestingu málsins þann 15. desember sl. og skýrði þá þannig frá, að hundurinn væri í eigu Matthíasar Péturssonar, Garðabæ, og væri hundurinn ýmist þar, úti á landi með eiginmanni ákærðu eða á heimili hennar.

Niðurstöður.

Með 1. gr. laga nr. 8/1924 var bæjarstjórnnum og hreppsnefndum heimilað að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum með

reglugerð, sem staðfest væri af Stjórnarráðinu. Með reglugerð nr. 61/1624, sem sett var samkvæmt framangreindri lagaheimild, var kveðið svo á í 1. gr., að á kaupstaðarlóð Reykjavíkur mætti enginn hafa hund, en annars staðar í lögsagnarumdæminu geti borgarstjóri leyft þarfahunda. Bann við hundahaldi í Reykjavík var áréttað með 1. mgr. 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Var þar sérstaklega skírskotað til nefndra laga sem heimildar fyrir þessu ákvæði samþykktarinnar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, en þau leystu af hólmi lög nr. 8/1924, var bæjarstjórnun og hreppsnefndum heimilt að ákveða með samþykkt, staðfestri af heilbrigðismálaráðuneyti, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu. Hvorki 1. gr. reglugerðar nr. 61/1924 né 1. mgr. 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur hafa verið afnumdar. Verður því að telja, að enn sé í fullu gildi bann það, sem lagt var við hundahaldi í Reykjavík með nefndum ákvæðum og hafi þau fullnægjandi lagastöð í 1. gr. laga nr. 7/1953. Eigi raskar það gildi þeirra, að 1. gr. laga nr. 7/1953 mælir svo fyrir, að samþykktir, sem settar verði samkvæmt lögnum, skuli staðfestar af heilbrigðismálaráðuneytinu.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem tóku gildi 1. ágúst 1982, geta sveitarfélög sett sér heilbrigðissamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er þannig heimilt að setja í slíkar samþykktir ákvæði um bann eða takmörkun hundahalds. Í Reykjavík hefur ekki verið sett heilbrigðissamþykkt samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981. Samkvæmt 4. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 50/1981 halda samþykktir sveitarfélaga, sem staðfestar hafa verið af ráðherra samkvæmt lögum nr. 7/1953, gildi sínu, fari þær ekki í bága við ákvæði laga nr. 50/1981. Ákvæði 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík fara ekki í bága við ákvæði laga nr. 50/1981.

Ákærða hefur viðurkennt að hafa með nokkrum hléum haldið hund á heimili sínu frá því í apríl 1975, og þykir ekki skipta máli, að hundurinn er skráður hjá Matthíasi Péturssyni í Garðabæ. Telst því sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, sem hún er ákærð fyrir. Þykir brot ákærðu rétt fært til refsíákvæða í ákæruskjali að öðru leyti en því, að brot hennar verður ekki heimfært undir ákvæði laga nr. 50/1981.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu sættist hún þann 3. mars 1978 á greiðslu 2.000 króna sektar fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík og 7. gr. laga nr. 7/1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980,

og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75/1982. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærða varðhaldi í 10 daga.

Þá ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigríðar Ásgeirsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Það athugast, að dómari sá, er bauð ákærðu að ljúka málinu með dómsátt, fór alfarið að lögum við meðferð málsins, og eru því ummæli lögmannsins í varnarskjali um meðferð dómarans á málinu örökstudd og óviðeigandi.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Regína Stefnisdóttir, greiði 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigríðar Ásgeirsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.00.

Miðvikudaginn 8. júní 1983.

Nr. 221/1982. **Saltsalan h/f**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Landssambandi vörubifreiðastjóra

vegna Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, og

Vörubílstjórafélagsins Þróttar

og gangsök

(Örn Clausen hrl.).

Atvinnuréttindi vörubifreiðastjóra. Lögbannsgerð úr gildi felld. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vlhjálmsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason.